



Starfsmaður í Frístund

Grunnskólinn í Þorlákshöfn óskar eftir að ráða starfsmann í Frístund í 37,5% stöðuhlutfall á starfstíma skóla en getur farið í 100% yfir sumartímann.

Vinnutími er frá kl. 13-16. Um er að ræða stuðning við nemendur með sérþarfir. Tilvalið starf með skóla. Frístundaheimilið býður uppá fjölbreytt tómsundarstarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Starfið einkennist jafnt af skipulögðum sem og frjálsum leik. Lipurð og góð færni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Reynsla af vinnu með börnum æskileg.

Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru skv. kjarasamningi FOSS. Umsóknarfrestur er til og með 12. ágúst og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknunum skal skilað ásamt ferilskrá í tölvupósti á netfangið indiana@olfus.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Indíana Rós Ægisdóttir, forstöðumaður frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar, indiana@olfus.is og/eða Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri/aðstoðarskólastjóri olina@olfus.is.

Öllum umsóknunum verður svarað. Upplýsingar um skólastarfið eru á heimasíðu skólans: <http://grunnskolinniþorlákshöfn.is>